

# Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

4. TBL. 25. ÁRG. 2019



*Gledileg jól*

JÓLAHUGVEKJA  
BERGS EBBA

8-9

LÖGMENN OG  
#METOO

16-19

ER FJÖLDI DÓMA MDE Í MÁLUM  
GEGN ÍSLANDI ÁHYGGJUEFNI?

34-36



- |   |   |   |
|---|---|---|
| <p>4 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR<br/>Siðareglur lögmanna</p> <p>8 Jólahugvekja Bergs Ebba</p> <p>10 ÁGÚST KARL KARLSSON<br/>Af vettvangi úrskurðarnefndar lögmanna</p> <p>12 DANÍEL ISEBARN<br/>Samskipti dómara og lögmanna</p> <p>16 ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR<br/>Lögmenn og #Metoo</p> | <p>20 DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON OG<br/>ÁGÚST KARL KARLSSON<br/>Fyrstu íslensku málflytjendurnir<br/>hjá Grand Chamber – Fanney Rós<br/>Þorsteinsdóttir</p> <p>23 ARNA PÁLSDÓTTIR<br/>Fyrstu íslensku málflytjendurnir<br/>hjá Grand Chamber – Geir<br/>Gestsson</p> <p>30 INGIMAR INGASON<br/>Óvenju fámenn útskrift</p> | <p>32 ÁRNI VILHJÁLMSOON<br/>Hákon Árnason, minningarorð</p> <p>34 ANNA LILJA HALLGRÍMSDÓTTIR<br/>Er fjöldi dóma MDE í málum gegn<br/>Íslandi áhyggjuefni?</p> |
|---|---|---|

**Lögmannafélag Íslands**

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Netfang: lmfí@lmfí.is  
Heimasíða: www.lmfí.is

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður**

Daníel Isebarn Ágústsson lögmaður  
netfang: daniel@magna.is

**Ritnefnd**

Ari Karlsson lögmaður  
Arna Pálsdóttir lögmaður  
Ágúst Karl Karlsson lögmaður  
Eleonora Bergþórsdóttir lögmaður  
Guðrún Olsen lögmaður  
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður

**Blaðamaður**

Marín Guðrún Hrafnisdóttir

**Stjórn LMFÍ**

Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður  
Hjördís E. Harðardóttir lögmaður  
Stefán Andrew Svensson lögmaður  
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður  
Viðar Lúðvíksson lögmaður

**Varastjórn LMFÍ**

Birna Hlín Káradóttir lögmaður  
Jónína Lárusdóttir lögmaður  
Grímur Sigurðarson lögmaður

**Starfsmenn LMFÍ**

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri  
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur  
Marín Guðrún Hrafnisdóttir starfsm. félagsdeildar  
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

**Forsíðumynd**

Ljósmyndari: Kolbrún Hrafnisdóttir

**PRENTVINNSLA**

Litlaprent ehf

**UMSJÓN AUGLÝSINGA**

Páll Júlíusson, sími 861 8262



Örugg eyðing gagna

# FULLVISSA

**GAGNAEYÐING**

Bæjarflöt 7 • 112 Reykjavík • Sími 568 9095 • [gagnaeyding.is](http://gagnaeyding.is)

# LÖGMANNABLAÐIÐ 25 ÁRA OG BREYTINGAR FRAMUNDAN

Lögmannaþingið hefur verið gefið út frá árinu 1995, en átti sína fyrirrennara. Þaðið verður því 25 ára á næsta ári. Á afmælisárinu verða þær breytingar gerðar að þingið verður ekki sent til félagsmanna í blaðaformi nema óskir um slíkt berist sérstaklega. Rafræn útgáfa verður meginreglan en þingið verður þó áfram sent á stofnanir stjórnsýslunnar, fjölmiðla, til háskólanna og bókasafna og á þær lögmannastofur sem þess óska.

Margir lögmenn hafa nú þegar afþakkað pappírseintak enda er áherslan á rafræna útgáfu liður í að svara kalli nútímans og samfélagslegum breytingum. Ritstjórn blaðsins bar tillögu þessa efnis undir stjórn Lögmannafélagsins í byrjun ársins. Samþykkt var að áfram yrði hægt að óska eftir að fá þingið sent í pappírformi en meginreglan væri að Lögmannaþingið kæmi út rafrænt frá og með næstu áramótum.

Alltaf er nokkur missir af blöðum og tímaritum sem taka þetta skref og því skal árétta að á sama hátt og það hefur verið hægt að óska eftir einungis rafrænu blaði verður frá og með árinu 2020 hægt að óska eftir prentuðu eintaki. Eyðublöð þess efnis er að finna á heimasíðu félagsins [www.lmf.is](http://www.lmf.is)

Þetta er síðasta Lögmannaþingið sem prentað er í stóru upplagi (hafa verið um 1200 eintök) nema að seinni tíma ritstjórnir breyti aftur yfir í prentað blað. Ritstjórn blaðsins vonar að breytingin falli lögmönnum í geð.

## GAGNAGRUNNUR TIL VARNAR PENINGAÞVÆTTI

Lögmannafélag Íslands hefur tekið í notkun alþjóðlegan gagn grunn frá fyrirtækinu Accuity. Gagn grunnurinn gefur lögmönnum tækifæri á að kanna bakgrunn væntanlegra viðskiptamanna sem hluta af mati á hættu á misnotkun þjónustunnar með tilliti til reglna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnunar hryðjuverka.

Gagn grunnurinn hefur m.a. að geyma umfangsmiklar upplýsingar um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla (Politically Exposed Person eða PEPs) og fyrirtæki sem tengjast slíkum einstaklingum, sem

kallað geta á nánari úttekt eða rannsókn á hlutaðeigandi vegna aukinnar hættu á misnotkun.

Aðgengi að þessum gagn grunni, sem er til reynslu í eitt ár, er í gegnum tölvu sem staðsett er á bókasafni í húsnæði Lögmannafélagsins að Álftamýri 9. Eru lögmenn hvattir til að nýta sér þessa nýju þjónustu til að auka öryggi við skoðun á bakgrunni þeirra einstaklinga og/eða fyrirtækja sem leita eftir kaupum á þjónustu lögmanna.



INNHEIMTUKERFI CREDITINFO

# SAMÞÆTTING, SKILVIRKNI OG BETRI YFIRSÝN

## Sveigjanlegt og öflugt kerfi fyrir lögmenn

Nútímalegt og skilvirkt innheimtakerfi fyrir lögmenn sem leysir IL+ af hólmi. Kerfið er auðvelt í notkun og aðgengilegt á vefnum þannig að öll þróun og breytingar skila sér beint til notanda.

### HELSTU EIGINLEIKAR:

- Heldur utan um löginheimtu á skilvirkan hátt
- Hægt er að flytja gögn úr eldra innheimtakerfi, IL+
- Býður upp á samþættingu við aðra þjónustu Creditinfo, s.s. vanskilaskrá, eignaleit og hlutafélagaskrá

Kynntu þér innheimtakerfi Creditinfo á [creditinfo.is](https://www.creditinfo.is) og hafðu samband við ráðgjafa á [vidskiptastyring@creditinfo.is](mailto:vidskiptastyring@creditinfo.is) til að fá nánari upplýsingar.

# SIÐAREGLUR LÖGMANNA

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR  
FORMAÐUR



Siðareglur lögmanna (Codex Ethicus) fela í sér skilgreiningu á því hvað teljist góðir lögmennshættir en jafnframt er þar kveðið á um skyldur lögmanna gagnvart skjólstæðingum sínum og hvernig lögmenn skuli haga samskiptum sínum innbyrðis og við dómstóla og gagnaðila. Okkur lögmönnum er hollt að rifja þessi ákvæði reglulega upp og verður hér tæpt á nokkrum atriðum.

Í I. kafla siðareglanna er fjallað um góða lögmennshætti almennt. Samkvæmt 2. gr. skal lögmaður gæta heiðurs lögmennastéttarinnar, jafnt í lögmennsstörfum sínum sem öðrum. Samkvæmt 4. gr. má lögmaður ekki ljá þeim nafn sitt eða lögmennsaðstoð, er stunda vilja lögmennsstörf, en hafa ekki til þess rétt að lögum. Þá má lögmaður á engan hátt stuðla að því, að þeir er ekki hafa lögmennsréttindi, fái unnið verk, sem skulu lögum eða venju samkvæmt aðeins unnin af lögmanni.

II. kafli fjallar um skyldur lögmenns gagnvart skjólstæðingi sínum. Þar kemur fram í 3. mgr. 8. gr. að lögmaður skuli ekki taka að sér verkefni, sem hann veit eða má vita að hann er ekki fær um að sinna af kunnáttu og fagmennsku, nema verkið sé unnið í samstarfi við hæfan lögmenn á viðkomandi sviði. Þá á lögmaður ekki að taka að sér verkefni fyrir skjólstæðing sem hann veit ekki hver er.

Um samskipti lögmanna og dómstóla er fjallað í III. kafla og kemur fram í 19. gr. að lögmaður skuli sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. er lögmanni óheimilt að leggja fram í dómi sáttatillögur gagnaðila, lagðar fram utan réttar nema með samþykki hans.

Í IV. kafla er að finna ákvæði um samskipti lögmanna innbyrðis. Þar kemur fram í 25. gr. að lögmenn skuli hafa góða samvinnu sín á milli og sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu. Samkvæmt 26. gr. má lögmaður

ekki snúa sér beint til aðila um málefni, sem annar lögmaður fer með, án hans samþykkis, nema brýn nauðsyn krefji. Ávallt skal þá viðkomandi lögmanni þegar um það tilkynnt. Tekið er fram í 28. gr. að ef lögmanni er falið verkefni, sem annar lögmaður hefur áður sinnt, skuli hann ekki hefja vinnu við það fyrr en hann hefur fullvissað sig um að hagsmunagæslu fyrri lögmennsins sé lokið eða verði lokið án tafar. Lögmanni sé þó heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að firra aðila réttarspjöllum. Þá kemur fram í 33. gr. að lögmanni sé óheimilt að áskilja sér úr hendi annars lögmenns eða annars aðila sérstaka þóknun fyrir að vísa skjólstæðingi til lögmennsins. Lögmanni er einnig óheimilt að greiða öðrum aðila sérstaka þóknun fyrir að láta hann vísa skjólstæðingnum til sín.

Fjallað er um lögmennsskrifstofu, auglýsingar o.fl. í VI. kafla siðareglanna. Samkvæmt 38. gr. ber lögmaður persónulega ábyrgð á lögmennsstörfum sínum og fulltrúa sinna. Við firmanafn lögmennsskrifstofu skal ávallt tilgreina fullt nafn og starfstítl þess eða þeirra lögmanna sem hana eiga og ábyrgð bera á lögmennsstörfum hennar. Firmanafn lögmennsskrifstofu má ekki gefa í skyn að þar sé veitt nein önnur þjónusta en lögmenns- og fasteignaþjónusta. Lögmaður skal tilkynna stjórn LMFÍ hverjir séu eigendur félags um rekstur lögmennsstofu. Skal lögmaður sérstaklega gæta þess að óheimilt er að stunda lögmennsstörf nema á skrifstofu, sem rekin er af lögmanni, sbr. 19. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998, nema undanþága hafi verið veitt samkvæmt 12. gr. laganna. Í 39. gr. segir að lögmanni sé óheimilt að tilkynna til dómstóla eða auglýsa aðra fulltrúa en þá sem eru starfandi á lögmennsskrifstofu hans. Skylt sé lögmanni að tilkynna fulltrúa sína til skrifstofu félagsins og gæta að öðru leyti skyldna samkvæmt 11. gr. laga um lögmenn.

Þá segir í 43. gr. að stjórn félagsins hafi eftirlit með því að reglum þessum sé fylgt.



1 SYSTEMS  
**OneRecords**  
Mála- og skjalakerfi

**ÖFLUGT**  
mála- og skjalakerfi  
sem hentar vel fyrir  
**LÖGMANNSSTOFUR**

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,  
Draupnir lögmenn, Jónatansson  
lögmenn



1 SYSTEMS  
**OneDrag&Drop**  
Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í  
málakerfið á rétt mál með  
einni aðgerð.  
Draga skjöl á sameiginlega  
drifnu yfir í málakerfið  
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.  
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.  
(spjaldtölvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir  
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

# HÚMBÚKK SKAL RÉTT UPP RAÐAST

JÓLAHUGVEKJA BERGUR EBBI

Ef við værum stödd í kennslustund í hagfræði og myndum fá það verkefni að greina jólin, þá væri hægt að nálgast viðfangsefnið með ýmsum aðferðum. Það væri hægt að tala um hagræn áhrif jóla, neysluaukningu, yfirfærslu skuldar eða inneignar milli ára og svo framvegis. En svo væri einnig hægt að kafa dýpra og skoða hvaða þörf í fari okkar mannskepnunnar jólin eru að mæta. Hér á norðurhveli er sú þörf tengd gangi náttúrunnar. Jólin eru haldin þegar myrkrið er mest, því eins og við flest vitum er undanfari kristilegra jóla heiðin vetrarsólstöðuhátíð. Þegar náttúran sjálf gefur okkur hvað minnst í forni hlýju og ljóss, þá reynir hvað mest á okkur sjálf að vekja upp slíkar tilfinningar með samstöðu, góðmennsku og í raun framleiðslu og útbreiðslu hvers konar mannglegra afurða. Menning, afurð mennskunnar, er hvað nauðsynlegust á árstíma jóla.

En eins og við vitum einnig þá byrjar að dimma fyrir en í desember. Haustið vekur einnig upp þarfir í hjörtum fólks, enda er haustið tími uppskeruhátíða víða um heim. Fólk þarf að búa sig undir veturinn. Það eru ekki aðeins nöpur trén sem hríslast í vindinum á haustin. Sálir okkar mannanna gera það einnig. Haustið er tími skjálftans, stundum örvæntingar, í samfélögum. Það er ekki tilviljun að stærstu efnahagshamfarir Vesturlanda, kauphallarhrun hverskonar, verða oftast í október. Á haustin fer um okkur ónotaleg tilfinning. Hér á Íslandi sérstaklega. Haustið kemur hratt og gefur engin grið. Íslenskt haust er eins og vetur í mörgum öðrum löndum. En samt höfum við ekki neina hátíðlega lausn, í hagfræðilegum skilningi, til að takast á við haustið. Við höfum bara jólin. Allt haustið byggjum við upp spennu og kvíða sem síðan skal sprengjast upp með einni risastórri neyslu- og samstöðuhátíð. Jólin eru nefnilega mikil hátíð hér á landi. Víða annarstaðar á Vesturlöndum er farið öðruvísi að í þessum málum.



---

ALLT HAUSTIÐ BYGGJUM VIÐ UPP SPENNU OG  
KVÍÐA SEM SÍÐAN SKAL SPRENGJAST UPP MEÐ  
EINNI RISASTÓRRI NEYSLU- OG  
SAMSTÖÐUHÁTÍÐ.

---

Í Ameríku trappar fólk haustkvíðann niður með tveimur hátíðum. Hrekkjavakan í lok október er eitt stórt hrekkja- og grínpartí með tilheyrandi ljósaútbúnaði. Kapítalisminn fær einnig eitthvað fyrir sinn snúð því hrekkjavakan er neysluhvetjandi skrautskrímsli þar sem heilu húsin eru þakin gervikóngulóarvefjum úr plasti. Ef kaupæði er líkn nútíma-mannsins við angist sinni þá er hrekkjavakan vissulega hluti af lausninni. Svo er það þakkargjörðarhátíðin þar sem stórfjölskyldukvaðirnar eru dekkaðar og öðrum líknandi skammti af ofneyslu er sprautað í angistarholuna, þörfinni fyrir að borða yfir sig og sýna þannig fram á að maður eigi nóg og kaldur veturinn megi loksins koma. Þegar kemur að sjálfum jólonum er því búið að aflétta mikilli pressu. Jólin þurfa því ekki að vera jafn mikil bomba fyrir vikið og eru almennt lágstemmdari en hér á landi. Það hentar Ameríku ágætlega enda er þar að finna fjölmenningsamfélag þar sem aðeins hluti þjóðarinnar heldur kristileg jól.

En í þessu samhengi er í raun óþarfi að blanda trúarbrögðum í málið. Punkturinn er sá að ef jólin eru hátíð sem ætlað er að grípa okkur myrkfælnu kvíðapöðdurnar í fallinu, í svartasta skammdeginu, með tilheyrandi ofgnótt veraldlegra hluta en einnig skilaboðum um samheldni og ósk um innhverfa íhugun, þá er býsna mikið lagt á eina hátíð.



Þess vegna er ég ekki einn af þeim sem finnst óskiljanlegt að heyra jólalög í nóvember eða sjá ljósaskreytingar í búðargluggum á miðju hausti. Strax í október er komin veruleg þörf í brjóst okkar fyrir innspýtingu, þó vissulega væri betra að mæta henni öðruvísi en með því að hlusta á Snjókorn falla með Ladda eða kaupa jólakúlur í IKEA. Á Íslandi er reyndar einnig verið að fara amerísku leiðina. Hrekkjavakan er tekin mis sterkum tókum, mörgum til mikillar armæðu vegna sjoppulegs yfirbragðs hennar, og svo er jafnvel farið að halda þakkargjörð með kalkúnaveislum og öðru sem við þekkjum úr amerískum bíómyndum. Á Íslandi er einnig verið að svara þessari þörf með því að teygja ýmsa jólavíðburði inn í haustið. Fjöldmörg fyrirtæki halda jólahlaðborð sín í nóvember auk þess sem ýmis konar menningartilstand vegna jóla er farið að láta á sér kræla áður en sjálfur jólamánuðurinn gengur í garð. Allt leitar þetta jafnvægis. En í sönnum jólaanda verður maður þó að spyrja sig hvort þetta þjóni í raun tilgangi sínum. Er ofgnóttin og spennukeyrslan besta leiðin til að berjast gegn myrkrinu og kuldanum? Er þetta ekki bara gamla góða sagan. Því meira sem við fáum, því meira viljum við.

Í raun get ég alveg tekið undir með nafna mínum Ebenezer Scrooge og sagt að allt jólatilstand sé húmbúkk. En ég legg

þó töluvert aðra meiningu í það en Skröggur gamli. Sjálfur lít ég þannig á að öll menning sé í raun húmbúkk, þetta er bara spurning um að raða húmbúkkinu snyrtilega upp og ef vel tekst til þá er um fyrirtak að ræða. Á Íslandi erum við, eðli málsins samkvæmt, háð ýmsum alþjóðlegum stefnum og straumum. Þrátt fyrir hrollvekjandi fullyrðingar um hreinleika eyjunnar sem rís eins og klettur úr úthafinu, þá vil ég heldur meina að Ísland sé eins og svampur í úthafinu. Hér sogast allt á land og dvelur mislengi. Amerísk áhrif, evrópsk áhrif, áhrif úr há- og lágmenningu. Og allt er þetta húmbúkk. Það þarf bara að raða þessu rétt upp til að úr verði úrvals menning. Þetta er í sífelldri þróun. Og svei mér þá ef okkur tekst ekki bara oftast vel upp, þó að við þurfum að hafa þessi mál í sífelldri endurskoðun.

Að lokum eru lögfræðingar beðnir afsökunar á hagfræðisamlíkingu í upphafi þessarar hugvekju. Höfundur, sem er klassískt menntaður cand. jur., tók þá ákvörðun að bæta upp fyrir það með því að raða orðunum í titli hugvekjunnar upp í lögfræðilegum kansellístíl.

Gleðileg jól.  
Bergur Ebbs



# AF VETTVANGI

## ÚRSKURÐARNEFNDAR LÖGMANNA

ÁGÚST KARL KARLSSON LÖGMAÐUR

Lausleg skoðun á úrskurðum úrskurðarnefndar lögmanna síðustu ár leiðir í ljós að lögmenn hafa í auknum mæli vísað málum til nefndarinnar, vegna ágreinings um rétt til endurgjalds fyrir störf í þágu umbjóðenda og þá einkum vegna ágreinings um fjárhæð reiknings.

Heimild lögmanna og umbjóðenda þeirra, til þess að bera ágreining um framangreint álitafni fyrir úrskurðanefnd lögmanna, er að finna í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn:

*Ef lögmenn greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. Nefndin vísar frá sér ágreiningsmáli um endurgjald ef lengri tími en eitt ár er liðinn frá því að kostur var á að koma því á framfæri.*

Samkvæmt 6. mgr. 28. gr. laganna má fullnægja úrskurði nefndarinnar, eða sátt sem kemst á fyrir nefndinni, með aðför á sama hátt og dómsúrskurði eða dómsátt. Sambærilega reglu má finna í 16. gr. málsmeðferðareglu nefndarinnar.

Á þessi ákvæði lögmannalaga reyndi í nýlegum úrskurði úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 40/2018.

Málsatvik voru þau, að úrskurðarnefndinni barst erindi tiltekins lögmanns og félags í hans eigu, þar sem lýst var ágreiningi við einkahlutafélag, um rétt til endurgjalds eða fjárhæð þess í skilningi 1. mgr. 26. gr. laga um lögmenn. Raunar var það svo að á árinu 2017 hafði úrskurðarnefndin lokið máli milli sömu aðila, þar sem einnig var tekist á um rétt lögmannsins til endurgjalds og fjárhæð vegna sama reiknings lögmannsins. Í því tilviki hafði einkahlutafélagið, þ.e. kærði í málinu frá 2018, vísað erindi til nefndarinnar

---

... HEIMILD TIL ÞESS AÐ BERA MÁL UNDIR ÚRSKURÐARNEFNDINA [...] ER BUNDIN ÞVÍ SKILYRÐI AÐ ÁGREININGUR SÉ UM RÉTT LÖGMANNS TIL ENDURGJALDS EÐA UM FJÁRHÆÐ ÞESS ENDURGJALDS. EKKI VIRÐIST NÆGJANLEGT AÐ KRAFA LÖGMANNS FÁIST EKKI GREIDD.

---

og lögmaðurinn því ekki haft uppi sjálfstæðar kröfur fyrir nefndinni. Úrskurðarorð í málinu, sem er nr. 26/2017, var svohljóðandi:

*Áskilið endurgjald kærða, B lögmanns, vegna starfa hans og/ eða lögmannsstofu hans í þágu kæranda, A ehf., sætir lækkun og telst hæfilegt endurgjald að fjárhæð 3.047.680 krónur auk virðisaukaskatts.*

Í kjölfar úrskurðarins innti kærði af hendi greiðslur að heildarfjárhæð 2.150.390 krónur inn á áfallinn lögmanskostnað. Þar sem ekki varð af frekari greiðslum, krafðist félag lögmannsins fjárnáms hjá kærða, að nánar tilgreindri fjárhæð en um aðfararheimild var vísað til úrskurðar úrskurðarnefndarinnar í málinu nr. 26/2017. Þegar krafa um fjárnám hjá kærða var tekin fyrir, stöðvaði sýslumaður hins vegar gerðina á þeim grundvelli að ekki væri kveðið á um fortakslausa skyldu til greiðslu í úrskurði nefndarinnar nr. 26/2017.

Kærendur, þ.e. lögmaðurinn og félag í hans eigu, leituðu því á ný til nefndarinnar og kröfðust þess að kærða yrði gert að greiða kærendum þá fjárhæð sem kveðið var á um

í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 26/2017, að frádregnum innborgunum. Gerðu kærndur aukinheldur þá kröfu „að nefndin úrskurði með aðfararhæfum hætti um greiðsluskyldu [kærða]“.

Lauk málinu með úrskurði nefndarinnar, á þann veg að kærði skyldi greiða félagi lögmannsins (sem gefið hafði út hinn umþrætta reikning) fjárhæð sem svaraði til þess endurgjalds sem ákveðið var með úrskurði í máli nefndarinnar nr. 26/2017, að frádreginni innborgun kærða.

Af framangreindum úrskurði og þeirri framkvæmd úrskurðarnefndarinnar sem áður var vikið að, leiðir sú áminning fyrir lögmennt, að vilji þeir nýta sér heimild 6. mgr. 28. gr. laga um lögmennt, um fullnustuhæfi úrskurða úrskurðarnefndar, er mikilvægt að þeir hugi sjálfir að því að leggja erindi fyrir úrskurðarnefnd. Hvorki virðist nægjanlegt í þeim efnum að umbjóðandi lögmanns hafi

vísað máli til nefndarinnar né að lögmaður geri grein fyrir kröfu í greinargerð eða skriflegum athugasemdum við kærnu til nefndarinnar. Fyrir slíkum málatilbúnaði er ekki heimild. Rétt að vekja athygli á því, að heimild til þess að bera mál undir úrskurðarnefndina samkvæmt 1. mgr. 26. gr. lögmannalaga, er bundin því skilyrði að ágreiningur sé um rétt lögmanns til endurgjalds eða um fjárhæð þess endurgjalds. Ekki virðist nægjanlegt að krafa lögmanns fáist ekki greidd. Þá er áskilið að erindi vegna þessa sé vísað til nefndarinnar áður en eitt ár er liðið frá því að kostur var á að koma því á framfæri.



**L'OR**

## L'OR LUCENTE HYLKJAVÉL

*Nýlagad kaffi í hverjum bolla*

L'or Lucente er fullkomin fyrir smærri fyrirtæki, skrifstofur og fundarherbergi. Vélin er fallega hönnuð og auðveld í notkun. Ætluð fyrir 10-25 mannt.

Vertu með kaffið í áskrift og þú færð vélinu lánaða endurgjaldslaust. Kannaðu málið hjá Fyrirtækjaþjónustu Ölgerðarinnar í síma **412 8100** eða í [vefverslun.olgerdin.is](http://vefverslun.olgerdin.is)



ÖLGERÐIN  
EGGI SKALLAGRIMSSON

# SAMSKIPTI DÓMARA OG LÖGMANNA

DANÍEL ISEBARN ÁGÚSTSSON LÖGMAÐUR

Þótt samskipti dómara við lögmennt séu í flestum tilvikum góð þá eru bæði dómara og lögmennt manneskjur sem eru mistækar alveg eins og allir aðrir. Líklega hafa flestir lögmennt, allavega þeir sem komnir eru til ára sinna, lent í því að dómara hafi sýnt þeim ókurteisi eða óbilgirni. Það sama má örugglega segja um dómara sem flestir kunna væntanlega sögur um ókurteisa og freka lögmennt.

Þegar rætt er um siðareglur í réttarkerfinu og samskipti innan þess er kastljósinu langoftast beint að lögmönnum. Framkoma lögmanna er reglulega til umfjöllunar hjá dómstólum og fjölmiðlum. Það er eðlilegt enda gegna lögmennt hlutverki í samfélaginu sem er þess eðlis að þeir taka oft þátt í málum sem eru áberandi í þjóðfélags-umræðunni og tengjast miklum hagsmunum. Er því rétt að gera kröfur til lögmanna um háttvísi gagnvart öðrum lögmönnum, gagnaðilum, dómurum og jafnvel eigin skjólstæðingum. Hlutverk dómara í samfélaginu er að sama skapi (og kannski enn frekar) gríðarlega mikilvægt. Hér er ætlunin að velja því upp hvort framkoma og hegðun dómara ætti að vera meira til umfjöllunar. Samskipti dómara við lögmennt og aðra sem koma að dómsmálum eru nánast aldrei rædd opinberlega. Spyrja má hvort sömu kröfur séu gerðar til háttvísi dómara og lögmanna í samskiptum sín á milli; og ef ekki, hver sé ástæðan fyrir því.

## Tveir nýir dómara

Tveir nýlegir dómara sýna mögulega hvernig tekið er mismunandi á háttsemi lögmanna og dómara eftir því hvor stéttin á í hlut.

Annars vegar mál þar sem dómari (dómstjóri) hafnaði flýtimeðferðarbeiðni á þeirri forsendu að nauðsynleg gögn hefðu ekki fylgt með beiðninni. Lögmaður aðilans leit svo á að með þessari afgreiðslu málsins hefi dómstjórinn brotið gegn samkomulagi sem hann taldi sig hafa gert við dómara um gagnaframlagningu. Í kjölfarið sendi lögmaðurinn tölvupóst á dómara og lýsti þar óánægju sinni og að hann teldi að niðurstaða dómans væri „furðuleg og reyndar eins og högg undir beltisstað“. Þá sagðist lögmaðurinn ekki muna eftir „slíkri framgöngu embættismanns eða dómara á starfsævi sinni sem spannaði hálföld [...] vonandi sefur þú vel næstu nótt“. Dómari svaraði með tölvupósti þar sem hann hafnaði tilurð samkomulagsins en kvaðst að öðru leyti ekki hirða um ávirðingarnar. Lögmaðurinn sendi þá annan tölvupóst þar sem hann sagðist finna hjá sér þörf fyrir að ljúka þessum óskemmtilegu samskiptum við dómstjórannt, mann sem hann hefði „jafnan talið að væri þokkalega heiðarlegur maður með sæmilegt jarðsamband.“ Lögmaðurinn teldi að í ljósi samskipta hans við dómara í aðdraganda þess að beiðnin var lögð fram hefðu allir venjulegir menn tekið upp símann og gert viðvart „en ekki þú hinn mikli dómstjóri! Svo sendir þú mér í þokkabót svar sem er fullt af hroka og yfirlæti. Ef satt skal segja þá kenni ég í brjósti um þig. Menn sem koma svona fram eru að mínum dómi varla í góðu jafnvægi. Ég mun núna eftir helgina senda að nýju óskina um flýtimeðferð, þó ekki væri til annars en að skemmta þér í yfirlæti þínu.“ Lögmaðurinn sendi nýja beiðni sem var hafnað og í framhaldinu sendi lögmaðurinn enn póst til dómans þar sem hann sagði meðal annars að dómari ætti að láta af hroka og yfirlæti sem svo mjög hefði einkennt afgreiðslu hans í málinu, það



**Þegar almenningur hugsar um samskipti lögmanna og dómara kemur bandarískt réttarkerfi og mýgrútur bíómynda vafalaust upp í hugann.**

færi miklu betur á því að sleppa slíku þó að menn kynnu að líta stórt á sig. Mönnum liði að jafnaði betur þannig. Í kjölfar samskiptanna sendi dómariinn bréf til formanns Lögmannafélagsins og sagðist hafa átt í „óskemmtilegum samskiptum“ við þennan félagsmann í Lögmannafélaginu. Dómariinn taldi að háttsemi lögmansins hlyti að fara á svig við siðareglur lögmanna en gerði þó engar kröfur um að félagið myndi aðhafast. Í kjölfarið hófst málsmeðferð innan Lögmannafélagsins gagnvart félagsmanni sínum sem endaði með því að félagið kvartaði yfir lögmanninum til úrskurðarnefndar lögmanna. Í úrskurði nefndarinnar var lögmanninum svo veitt áminning. Sú ákvörðun var borin undir dómstóla og var ógilt í Landsrétti (Lrd. 511/2018) en málið hefur hlotið áfrýjunarleyfi í Hæstarétti.

Hins vegar má nefna samskipti dómara og lögmanna sem lýst er í nýlegum dómi Landsréttar en málið er í grunninn barnaverndarmál (Lrd. 373/2019). Í héraðsdómi hafði gjafsóknarkostnaður, þar með talin þóknun lögmanna tveggja aðila, verið ákveðin 450.000 krónur til hvors um sig að meðtöldum virðisaukaskatti. Héraðsdómari rökstuddi þessa málskostnaðarákvörðun með því að lögmenn hefðu í ljósi ákvæða barnaverndarlaga hvorki haft viðhlítandi lagarök né málefnalegar ástæður út frá lagalegum eða siðferðilegum skyldum sínum sem lögmenn til að reka málið með þeim hætti sem gert var. Varnir sem settar hefðu verið fram undir rekstri þess hafi ekki verið raunhæfar miðað við atvik málsins. Þá sagði einnig í forsendum dómsins að gjafsóknarkostnaður væri greiddur úr ríkissjóði sem fjármagnaður væri með skattfé vinnandi fólks. Þóknunir til lögmanna ættu að miða að því að þjóna hagsmunum barna sem í hlut ættu en ekki hagsmunum lögmanna af því að reka mál allt til enda þegar ljóst væri að sá málarekstur færi beinlínis í bága við þá frumhagsmuni barna sem lögunum væri ætlað að vernda. Í þessu ljósi

---

## Í SIÐAREGLUM DÓMARA ERU ENGIN SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM SAMSKIPTI VIÐ LÖGMENN ÞÓ ALMENN ÁKVÆÐI REGLNANNA EIGI VIÐ UM LÖGMENN EINS OG AÐRA.

---

sagði dómariinn blasa við að umgengni dómara og lögmanna um þessa sjóði væru skorður settar, sem út frá áður nefndum verndarhagsmunum bæri að virða í hvítvetna. Í framhaldi af uppkvaðningu héraðsdóms áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli dómara og lögmanna þar sem annar þeirra spurði dómara hvernig hann ætti að bera sig að við hagsmunagæslu fyrir skjólstaðinga sína í ljósi forsendna héraðsdóms. Í svarpósti dómara segir meðal annars: „...lögmenn geta ekki haldið því fram gagnvart gagnaðila, umbjóðendum sínum eða gagnvart dómnum að þeim leyfist að nálgast þessi mál með rörsýn. Lögmaður sem nálgast þessi mál með það eitt að leiðarljósi að ganga erinda umbjóðanda síns getur ekki haldið því fram að hann sé að vinna innan ramma siðareglna. Þvert á móti er að mínu mati augljóst að lögmönnum ber, í riti og ræðu, að gæta staðfastlega að hagsmunum þeirra barna sem í hlut eiga. [...] Ég hygg að reyndir lögmenn sem hafa



---

EKKERT RÉTTLÆTIR ÞÓ AÐ DÓMARAR KOMI  
FRAM VIÐ LÖGMENN AF ÓSANNGIRNI,  
DÓNASKAP, ÓPARFA STÍFNI EÐA ÞAÐ SEM ER  
KANSKI ALLRA VERST GERI UPP Á MILLI  
LÖGMANNA Í MÁLI.

---

tileinkað sér góða lögmannshætti eins og það hugtak hefur lengst af verið skilið, væru ekki í neinum vafa um hvernig ætti að svara þessu. Lögbundin gjafsókn er einskis virði fyrir þann sem veit / má vita að hann er með gjörtapað mál í höndunum. Gjafsókn hefur í slíkum tilvikum vissulega virði fyrir lögmenn og þar hvílir aftur augljós skylda á lögmonnum að misnota sér ekki slík lagaákvæði í atvinnuskyni.“ Landsréttur taldi að tölvupóstssamskipti dómara og lögmanna eftir að héraðsdómur féll væru óvenjuleg og það orkaði tvímælis hvort þau væru viðeigandi. Landsréttur taldi þó að ekki yrði lesið út úr þeim sérstök óvild dómara í garð lögmannanna og sá ekki ástæða til þess að ómerkja dóminn. Landsréttur féllst aftur á móti ekki á það með héraðsdómi að lögmaður áfrýjanda hefði á einhvern hátt brugðist lagalegum eða siðferðilegum skyldum sínum sem lögmaður með því að að halda á lofti ýtrasta rétti áfrýjanda og taldi ekki lagaskilyrði til þess að lækka gjafsóknarkostnað eins og héraðsdómur hafði gert.

Málin eru að mörgu leyti sambærileg. Viðbrögðin og afleiðingarnar eru þó gjörólíkar.

#### **Siðareglur lögmanna og dómara**

Siðareglur lögmanna og dómara eru ólíkar þegar kemur að samskiptum þeirra á milli. Samkvæmt 19. gr. siðareglna lögmanna skal lögmaður sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu. Í siðareglum lögmanna er raunar sérstakur kafla um samskipti lögmanna við dómstóla.

Í siðareglum dómara eru engin sérstök ákvæði um samskipti við lögmenn þó almenn ákvæði reglnanna eigi við um lögmenn eins og aðra. Í siðareglum dómara er aftur á móti kveðið á um að dómari skuli sýna öðrum dómurum virðingu og tillitssemi. Auk þess er ein grein sem fjallar um samskipti dómara við fjölmiðla. Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. siðareglna dómara ber dómara að hegða sér þannig að sem minnstar líkur séu á að þeir verði að víkja sæti í dómsmáli vegna vanhæfis og jafnframt forðast orð og athafnir sem geta orðið til þess að dómari virðist ekki óhlutdrægur. Samkvæmt 4.

gr. skulu dómarar forðast ummæli eða framkomu sem skilja má þannig að þeir hafi fyrir fram komist að niðurstöðu í dómsmáli sem þeir hafa til meðferðar. Í sömu grein kemur fram almenn regla um að dómarar skulu geta þess að framkoma þeirra í starfi og utan þess samrýmist þeirri ábyrgð sem dómurum er falin svo og skyldu þeirra til að viðhalda og styrkja tiltrú á dómsskerfið. Þá kemur að lokum fram í 4. gr. að sú ábyrgð sem fylgi starfi dómara takmarki að einhverju marki frelsi þeirra til samfélagslegrar þátttöku og tjáningar og geri ríkari kröfur til háttsemi en almennt séu gerðar til annarra.

Siðareglur lögmanna mæla þannig beint fyrir um að sýna skuli dómstólum tillitssemi og virðingu. Siðareglur dómara beinast meira að því að dómarar skuli vera heiðarlegir og óháðir en einnig að þeir líti út fyrir að vera það. Að lokum vekur athygli að siðareglur dómara voru fyrst skrásettar í lok árs 2017.

Innan Lögmannafélagsins starfar úrskurðarnefnd (siðarnefnd) en engin sambærileg nefnd er innan Dómarafélagsins. Dómarafélagið skipar siðaráð en skýrt er tekið fram að það kveður ekki upp úrskurði um ætluð brot einstakra dómara á siðareglum. Aftur á móti starfar nefnd um dómarastörf á grundvelli 9. og 10. gr. dómstólalaga sem fær að meðaltali um fjögur mál á ári til meðferðar. Úrskurðir nefndarinnar eru aðgengilegir á heimasíðu dómstólasýslunnar.

#### **Staða dómara og lögmanna innan réttarkerfisins**

Dómarar og lögmenn starfa báðir í sama réttarkerfinu og með smá einföldun má segja að þessar stéttir séu báðar nauðsynlegar til þess að fá úrlausn ágreiningsmála borgaranna. Staða þeirra er þó ólík enda er það dómari sem stjórnar þinghöldum, málsmeðferð og endanlegri niðurstöðu. Lögmenn eru í þeirri stöðu að vera að biðla til dómara; biðja um fresti, biðja um úrlausnir undir rekstri málsins og að lokum biðja þá um að fallast á röksemdir og dæma umbjóðandanum í vil. Þessi staða skapar ójafnvægi í samskiptunum sem er auðvitað eðlilegt upp að ákveðnu marki enda er það dómari sem ræður. Ekkert réttlætir þó að dómarar komi fram við lögmenn af ósanngirni, dónaskap, óþarfa stífni eða það sem er kanski allra verst geri upp á milli lögmanna í máli. Dómurum er falið mikið vald og þeir þurfa að fara vel með það.

Gleðileg jól.

# Ég fer á fjöll



**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS**  
[www.fi.is](http://www.fi.is)

# LÖGMENN OG #METOO

Í nóvember 2018 var af hálfu Lögmannafélags Íslands skipaður vinnuhópur til að skoða og greina málefni #MeToo út frá snertiflötum við lögmannastéttina. Í vinnuhópnum sitja Elín Smáradóttir, Friðrik Ársællsson, Ingvi Snær Einarsson, Kolbrún Garðarsdóttir og Þyri Steingrímisdóttir.

Hópurinn stóð fyrir fyrirlögn skoðanakönnunar fyrir félagsmenn LMFÍ í febrúar 2019. Með könnuninni var aflað upplýsinga um líðan og samskipti lögmanna á vinnustöðum sínum og einnig hvort lögmenn hefðu orðið fyrir eða orðið vitni að áreitni, sem var flokkað annars vegar sem kynbundin eða kynferðisleg áreitni og hins vegar sem einelti. Jafnframt var spurt um viðbrögð lögmanna við því ef þeir/þær hefðu orðið fyrir eða orðið vitni að slíkri háttsemi.

Markmiðið með fyrirlögn könnunarinnar var að skoða hvort að tilefni væri til þess að gera breytingar á lögmannalögum og eftir atvikum siðareglum lögmanna og hvort ástæða væri fyrir Lögmannafélagið að skoða hvort félagið ætti að útvega úrræði fyrir félagsmenn sína ef áreitni eða einelti væri útbreitt vandamál á vinnustöðum lögmanna.

Svarhlutfall í könnuninni var 17% sem almennt er talið í lægri kantinum en svör voru metin marktæk enda var dreifing þeirra sem svöruðu góð, þ.e. svarhlutfall kynja var nokkuð jafnt og góð aldursdreifing. Þeir sem svöruðu voru því ágætur þverskurður af öllum félagsmönnum.

Í fyrri hluta könnunarinnar var spurt um líðan lögmanna á vinnustað sínum, um starfsanda og starfsánægju. Spurningar voru að mestu leyti almennt orðaðar og þá ályktun má draga af svörum í þeim hluta könnunarinnar að lögmenn séu almennt ánægðir í sínu starfi og líði vel á vinnustað sínum. Starfsánægja mældist góð, það ríki heilbrigð samkeppni á vinnustöðum og gott kynjajafnræði.

Í kjölfarið var spurt hvort að svarendur vissu til þess hvort vinnustaður þeirra hefði sérstaka stefnu til að koma í veg fyrir einelti eða áreitni á vinnustaðnum og einnig hvort að til staðar væri „tengiliður“ sem hægt væri að tilkynna um slíkt háttarni til eða sækja stuðning til ef á þyrfti að halda. Um 30% svarenda sögðu að vinnustaður þeirra hefði slíka stefnu en um 60% sögðust eindregið vilja að vinnustaður þeirra hefði stefnu. Þá sögðust um 50% vera fylgjandi því að vinnustaður þeirra hefði sérstakan „tengilið“ sem hægt væri að leita til ef viðkomandi yrði fyrir eða yrði vitni að einelti eða áreitni.

Í síðari hluta könnunarinnar var spurt sérstaklega um ýmis konar háttarni og spurt hvort sá sem svaraði hefði orðið fyrir eða orðið vitni að háttarni af því tagi. Svöruminn gaf talsvert aðra mynd af líðan lögmanna eða upplifun þeirra á vinnustað sínum en fyrri hluti könnunarinnar gaf til kynna.

Spurt var í fyrsta lagi um hegðun með kynferðislegum undirtón, þ.e. hvort lögmaður hefði í sínu starfi upplifað t.d. að heyra óviðeigandi brandara með kynferðislegum undirtón eða ummæli um útlit, vaxtarlag, klæðaburð eða einkalíf sitt. Það voru 26% svarenda sem svöruðu því játandi. Þá töldu tæp 15% svarenda sig hafa upplifað óþarflega mikla nálægð, faðmlög, kossa eða aðra snertingu sem hann eða hún vildu ekki. Um 6% höfðu fengið sendar eða verið sýndar myndir eða efni af kynferðislegum toga sem viðkomandi fannst móðgandi eða niðurlægjandi. Um 30% svarenda töldu sig hafa orðið fyrir eða orðið vitni að annars konar hegðun en þegar hafði verið sérstaklega lýst sem þeim fannst móðgandi, niðurlægjandi eða ógnandi.




Í öðru lagi var spurt um kynbundna áreitni, sem er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að miðsþjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Það voru **28,8%** sem svöruðu spurningunni játandi um hvort þeir/þær hefðu upplifað slíka hegðun eða orðið vitni að slíkri hegðun í starfi sínu sem lögmaður. Af þeim höfðu **86%** ekki sagt neinum frá.




Í þriðja lagi var spurt um kynferðisleg áreitni, sem er hvers kyns hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að mishjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegrar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið munnleg, táknræn eða líkamleg. Það voru **22,28%** sem svöruðu spurningunni játandi um hvort þeir/þær hefðu orðið fyrir eða orðið vitni að slíkri hegðun í starfi sínu sem lögmaður, og voru já-svarendur bæði karlar og konur en konur þó ívið fleiri. Af þeim sem svöruðu játandi höfðu **80,5%** ekki sagt neinum frá áreitinu.


HÓPURINN TELUR ÞAÐ MEÐ ÖLLU ÓÁSÆTTANLEGT AÐ TÆPLEGA ÞRIÐJUNGUR LÖGMANNA HAFI ORÐIÐ FYRIR EÐA ORÐIÐ VITNI AÐ KYNBUNDINNI ÁREITNI Á VINNUSTAÐ SÍNUM OG TÆPLEGA FJÓRÐUNGUR HAFI ORÐIÐ FYRIR EÐA ORÐIÐ VITNI AÐ KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI.

Í fjórða lagi var spurt um einelti, sem er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða valda honum ótta. Skoðanaágreiningur t.d. vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir. Það voru **26%** sem svöruðu spurningunni játandi. Af þeim höfðu **68%** ekki sagt neinum frá eineltinu.

Það er álit vinnuhópsins að niðurstaða könnunarinnar sé alvarlegt umhugsunarefni fyrir lögmennt. Hópurinn telur það með öllu óásættanlegt að tæplega þriðjungur lögmanna hafi orðið fyrir eða orðið vitni að kynbundinni áreitni á vinnustað sínum og tæplega fjórðungur hafi orðið fyrir eða orðið vitni að kynferðislegri áreitni. Það er einnig óásættanlegt að ríflega fjórðungur lögmanna hafi orðið







Sjá má könnunina í heild sinni á heimasíðu Lögmannafélags Íslands [www.lmfj.is](http://www.lmfj.is).

fyrir eða orðið vitni að einelti. Vert er að hafa í huga að slíkt háttarni getur í sumum tilvikum verið refsivert, en er í öllum tilvikum siðferðislega ámælisvert.

Eftir því sem best er vitað eru ekki til sambærilegar kannanir innan starfsstétta hér á landi og því erfitt að segja til um hvar lögmennt standa í samanburði við aðrar stéttir. Hægt er þó að líta til Alþjóðasambands lögmannafélaga (e. International Bar Association, IBA) sem gerði sambærilega könnun árið 2018 en sú könnun var þó öllu viðameiri en sú sem hér hefur verið lýst. Könnun IBA náði til tæplega 7.000 félagsmanna í 135 löndum. Helstu niðurstöður þeirrar könnunar voru jafnvel enn alvarlegri en að framan er lýst. Í niðurstöðukafla þeirrar könnunar segir meðal annars:

*The shoemaker's son, according to the proverb, often goes barefoot. And so it is that the legal profession – predicated on upholding the law, maintaining the highest ethical standards and advising other professions on doing the same – is rife with bullying and sexual harassment. Such conduct is illegal in many jurisdictions, contrary to professional obligations, and immoral. Yet, as highlighted by this global survey – the largest of its kind – bullying and sexual harassment affect a significant*

*portion of the legal workforce. From overbearing supervision to physical violence, and from sexist slurs to sexual assault, the nature of the conduct varies widely. But these incidents are unified by a single factor: such conduct is unacceptable in the modern legal workplace.<sup>1</sup>*

Vinnuhópurinn tekur undir þessi ummæli vinnuhóps IBA.

Vinnuhópnum var af hálfu stjórnar Lögmannafélagsins falið að leggja fyrir félagsmenn fyrrgreinda skoðanakönnun og vinna úr niðurstöðunum og eftir þörfum gera tillögur um nauðsynlegar breytingar t.a.m. á lögmannalögum og eftir atvikum siðareglum lögmannna. Einnig að skoða gerð tillagna um leiðbeiningar til vinnuveitenda um hvernig bregðast skuli við meintum brotum og úrræði sem stæðu þolendum til boða. Unnið er að gerð skýrslu af hálfu hópsins sem væntanlega verður skilað til stjórnar LMFÍ á nýju ári.

f.h. vinnuhóps LMFÍ  
**Þyrí Steingrímsdóttir lögmaður**

<sup>1</sup> <https://www.telegraph.co.uk/news/2019/05/15/lawyers-risk-hypocrisy-metoo-scandal-third-women-profession/>


# FYRSTU ÍSLENSKU MÁLFLYTJENDURNIR HJÁ GRAND CHAMBER – FANNEY RÓS ÞORSTEINSDÓTTIR

Fanney Rós Þorsteinsdóttir útskrifaðist frá Lagadeild Háskóla Íslands árið 2005, fékk réttindi til þess að flytja mál fyrir héraðsdómstólum árið 2006 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2013. Hún hefur unnið hjá Embætti ríkislögmanns frá árinu 2012. Fanney, ásamt Geir Gestssyni, var fyrst íslenskra málflytjenda til þess að flytja munnlega mál fyrir Yfirdeild (Grand Chamber) Mannréttinda-dómstóls Evrópu þann 9. október sl.

Fanney er ásamt þremur öðrum starfsmönnum ríkislögmanns í teymi sem tekur til varna fyrir hönd íslenska ríkisins fyrir Mannréttindadómstólnum. Aðrir í teyminu eru Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður og hæstaréttarlögmennirnir Guðrún Sesselja Arnardóttir og María Thejll. Embætti ríkislögmanns tók við hagsmunagæslu Íslands fyrir dómstólnum í lok árs 2016 og sinnir þessum málum nú samhliða öðrum verkefnum hjá embættinu, en málaflokknum var áður sinnt af dómsmálaráðuneytinu.

Fanney segir að álag í þessum málaflokki hafi aukist verulega hin síðari ár. Hún lýsir ferlinu þannig að kærur þurfi að komast í gegnum „fyrstu síu“ dómstólsins áður en dómstóllinn óskar eftir athugasemdum frá ríkinu.

Langflestar kærur komast ekki í gegnum þessa fyrstu hindrun en á undanförunum árum hefur dómstóllinn þó tekið mun fleiri kærur gegn íslenska ríkinu til meðferðar en áður. Fanney segir erindin frá Mannréttindadómstólnum alltaf í formi spurninga, dómstóllinn spyr hvernig hinum og þessum atriðum er háttað í landsrétti og hvernig íslenska ríkið telur að tiltekin atriði samrýmist Mannréttinda-sáttmálanum. Dómstóllinn leggur sig reyndar fram um að fá aðila til þess að sætta mál áður en mál gengur alla leið til dóms. Ef sátttaferlinu líkur án árangurs ber aðilum að skila greinargerðum þar sem spurningum dómstólsins er svarað. Málsmeðferðin er almennt skrifleg og venjulega skila aðilar tveimur greinargerðum í máli. Venjulega lýkur málinu svo með dómi án þess að það hafi verið munnlega



Guðrún Sesselja Arnardóttir, Fanney Rós Þorsteinsdóttir, María Thejll og Einar Karl Hallvarðsson að loknum máflutningi.

flutt. Þess ber að geta að í undantekningartilvikum er máflutningur í almennri deild (Chambers stigi) og hefur það einu sinni gerst í máli er varðar íslenska ríkið. Dómi undirdeildar má reyna að skjóta til yfirdeildar og gangi málið þangað er almennt munnlegur máflutningur.

Þegar dómstóllinn tilkynnir aðilum að mál verði munnlega flutt sendir hann þeim um leið spurningar en þá opnast málið upp á nýtt þannig að Grand Chamber getur tekið málið fyrir á öðrum forsendum. Í kjölfarið ber aðilum að skila enn einni greinargerðinni en til viðbótar þarf að undirbúa máflutninginn. Fanney segir að þau hafi öll fjögur í teyminu unnið að undirbúningnum og mikill tími hafi farið í hann. Fyrir máflutninginn hafi forseti réttarins boðað málflytjendur á skrifstofu forsetans, þar sem hann hafi heilsað upp á þau og farið stuttlega yfir skipulag máflutningsins. Stemningin í þeirri heimsókn hafi verið svipuð því þegar forseti Hæstaréttar hafi kallað hana á fund að loknum prófmálum. Dómsalurinn sjálfur hafi svo verið þétt setinn af frönskum dómurum og rússneskum lögfræðingum sem voru mættir til þess að fylgjast með og kynna sér dómstóllinn. Auk þess sitja dómáramur til viðbótar í salnum sem varamenn ef eitthvað kemur upp á hjá dómurinum sem sátu málið. Þeir geta þá tekið þátt í dómi enda hafa þeir þá setið allan máflutninginn.

---

FANNEY SEGIR AÐ ÁLAG Í ÞESSUM MÁLAFLOKKI HAFI AUKIST VERULEGA HIN SÍÐARI ÁR. HÚN LÝSIR FERLINU ÞANNIG AÐ KÆRUR ÞURFI AÐ KOMAST Í GEGNUM „FYRSTU SÍU“ DÓMSTÓLSINS ÁÐUR EN DÓMSTÓLLINN ÓSKAR EFTIR ATHUGASEMDUM FRÁ RÍKINU.

---

Fanney hóf störf á Mörkinni lögmannsstofu að loknu laganámi, þar sem hún starfaði í þrjú ár. Hún segir að það hafi því verið nokkuð skrítið að sjá Gest Jónsson og Ragnar Hall sitja í salnum þegar hún var þangað komin til þess að flytja mál ríkisins gegn þeim persónulega. Þeir hafi þó verið mjög léttir og sýnt því skilning.

Dómsalurinn er töluvert minni en hann virðist á upptökum og það kom Fanneyju á óvart hversu nálægt dómurinum lögmennt standa í máflutningnum. Þá er allur máflutningur fyrir yfirdeildinni tekinn upp í hljóði og mynd og er aðgengilegur á heimasíðu dómstólsins. Fanney segir það hafa truflað örlítið í fyrstu enda séu íslenskir málflytjendur ekki vanir því. Ræðutími var takmarkaður við þrjátíu

mínútur og þá fá lögmennt að tala án þess að gripið sé inn í ræðuna. Eftir málflytningsræðuna beina dómáratar spurningum til lögmanna. Síðan er gert nokkurra mínútna hlé og að því loknu eiga lögmenn að svara. Fanney segir að þau í teyminu hafi varið miklum tíma í að undirbúa svör við mögulegum spurningum en engu að síður hafi þurft að bregðast fljótt við á staðnum.

Eftir málflytninginn segist Fanney hafa hakað í hefðbundin túristabox, tekið myndir í salnum og fleira þess háttar.

Ferlið allt og ekki síst málflytningurinn hafi verið mjög lærdómsrík og skemmtileg reynsla enda er málflytningur fyrir þessum dómstól eða öðrum 17 dómara bekk ekki daglegt brauð.

[Daníel Isebarn Ágústsson](#)  
[Ágúst Karl Karlsson](#)



F.v.: Védís Eva Guðmundsdóttir, Geir Gestsson, Fanney Rós Þorsteinsdóttir, María Thejll, Guðrún Sesselja Arnardóttir og Einar Karl Hallvarðsson.

# FYRSTU ÍSLENSKU MÁLFLYTJENDURNIR HJÁ GRAND CHAMBER – GEIR GESTSSON

Geir Gestsson útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 2003 og úr meistaranámi við Erasmus háskólann í Rotterdam árið 2004. Hann fékk réttindi til þess að flytja mál fyrir héraðsdómstólum árið 2006 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2015. Hann hefur unnið hjá Mörkinni lögmannsstofu allt frá árinu 2004. Geir, ásamt Fanney Rós Þorsteinsdóttur var fyrstur íslenskra málflytjenda til þess að flytja munnlega mál fyrir yfirdeild (Grand Chamber) Mannréttinda-dómstóls Evrópu þann 9. október sl. Við málflytninginn aðstoðaði hann Védís Eva Guðmundsdóttir, lögmaður á Mörkinni lögmannsstofu.

Það sátu 17 aðaldómarar í málinu og 3 varadómarar, frá mismunandi aðildarríkjum. Yfirdeildin var skipuð forseta dómsins, varaforseta, auk forseta hinna mismunandi undirdeilda. Þá sat í yfirdeildinni landsréttardómarinn fyrir Ísland þrátt fyrir að hann hafi einnig setið í undirdeildinni, þegar málið var dæmt.

„Ég verð að játa að það kom mér svolítið á óvart að sjá að dómari sem átti hlut í að dæma mál fyrir undirrétti sæti einnig í málinu á áfrýjunarstigi. En þetta er víst formregla hjá yfirdeildinni, þ.e. að landsréttardómarinn fyrir undirdeild sitji áfram í málinu á áfrýjunarstigi“ segir Geir. Honum fannst einnig áhugavert að forseti réttarins

kallaði lögmennt aðila á skrifstofu sína nokkrum mínútum fyrir málflytninginn, til að kynna sig og fara yfir helstu formsatriði fyrir málflytninginn. Þau væru nokkur svo vægt væri til orða tekið, en það hefði þó verið mjög heppilegt að þau hefðu verið kynnt fyrir lögmonnum skriflega á fyrri stigum málsmeðferðarinnar.

Hvað varðar málsmeðferðina fyrir yfirdeildinni var óskað áfrýjunarleyfis í lok janúar 2019. Málið var svo flutt munnlega í október 2019. Þannig að málsmeðferðin í heild sinni tók bara rúma níu mánuði og var í raun mjög skilvirk. Geir segir að þetta skýrist helst af því að það séu svo fá mál sem fara til yfirdeildarinnar eða um 5% af þeim



F.v.: Védís Eva Guðmundsdóttir, Ragnar H. Hall, Geir Gestsson, Fanney Rós Þorsteinsdóttir og Gestur Jónsson.

málum þar sem óskað er áfrýjunarleyfis. Þannig að álagið er ekki jafn mikið og í undirdeildinni og mögulegt er að gæta betur að málshraða í hverju og einu máli.

### Réttarfarið skilvirkara en hér heima

Geir nefnir að sér hafi fundist réttarfarið mjög skilvirkt og í raun betra en fyrir íslenskum dómstólum. Eftir að áfrýjunarleyfi er veitt, sendir dómstóllinn aðilum bréf þar sem þeir eru spurðir efnisspurninga um málið í mörgum liðum. Þar er dómstóllinn sjálfur búinn að taka frumkvæðið og greina hver helstu álitæfnin eru í málinu, miðað við eigin dómaframkvæmd, áður en greinargerðum er skilað. Með þessu fyrirkomulagi er aðilum gefinn möguleiki á því að miða umfjöllun í greinargerð við þau atriði sem raunverulega skipta máli. Aðilar eru þá ekki að sóa tíma og fjármunum í að fjalla um atriði í greinargerðum sem skipta litlu eða engu máli. Frá sjónarhóli dómara, þá tryggir þetta einnig að þeir fái eitthvað sem skiptir máli út úr lestri greinargerða.

---

„ÞAÐ VIRÐIST ÞANNIG VERA KOMIN DÓMVENJA  
HJÁ HÆSTARÉTTI FYRIR ÞVÍ AÐ HEIMILT SÉ AÐ  
SVIPTA SAKBORNINGA (EÐA A.M.K. LÖGMENN)  
ÖLLUM RÉTTINDUM Á LÆGRI DÓMSSTIGUM, SVO  
LENGI SEM ÞEIR FÁ RÉTT TIL ÁFRÝJUNAR. ÞAÐ  
ERU EKKI GÓÐ TÍÐINDI FYRIR VERND  
MANNRÉTTINDA Á ÍSLANDI“.

---

Lögmenn fengu úthlutað ákveðnum máflutningstíma og sérstaklega var tekið fram að það væri til þess ætlast að menn væru ekki bara að lesa upp greinargerðirnar í munnlegum máflutningi, heldur yrði tíminn nýttur til að leggja áherslu á aðalatriði og svara röksemdum gagnaðila. Lögmönnum var leyft að klára fyrri máflutningsræðu, áður en það kom að spurningum frá dómurum. Þær voru allnokkrar í þessu máli og það var greinilegt út frá spurningunum að dómarnir mættu vel undirbúnir til aðalmeðferðarinnar. Síðan var tekið 15-20 mínútna hlé áður en það kom að andsvörum. Það gaf lögmönnum smá tíma til að semja ígrunduð svör við þeim spurningunum sem bárust. Geir segir þetta máflutningsfyrirkomulag vera til fyrirmyndar. „Lögmönnum gafst tími til að klára ræðuna sína, án truflunar frá dómurum og að það gafst tími til að undirbúa sæmileg andsvör við spurningum dómara í hléinu“. Hvoru tveggja skilar sér í vandaðri flutningi mála og Geir segist ímynda sér að dómarnir fái meira út úr máflutningnum með þessu fyrirkomulagi.

### Af hverju þetta tiltekna mál?

Mál Gests Jónssonar og Ragnars H. Hall gegn íslenska ríkinu var fyrsta íslenska málið sem fór fyrir yfirdeild Mannréttindadómstólsins. En af hverju telur Geir að málið hafi verið valið? „Í hnotskurn þá snýst þetta mál um það að sakborningar voru sakfelldir í refsímáli í héraði án nokkurrar undanfarandi málsmeðferðar. Þeir fengu ekki að skila skriflegum greinargerðum um mál sitt í héraði, kalla vitni fyrir dóminn, gefa aðilaskýrslu, óska eftir skipun verjanda eða að færa munnleg rök fyrir máli sínu. Stöðunni var í raun snúið við - upphaf málsmeðferðar í sakamáli var sakfellingardómur Héraðsdóms Reykjavíkur. Litið var svo á að nægilegt væri að sakborningar gætu áfrýjað sakfellingunni til Hæstaréttar Íslands. Sakborningar voru þannig aldrei taldir saklausir uns sekt er sönnuð í málinu, heldur hófst málið með sakfellingardómi í héraði“.



Geir telur að ef dómur undirdeildar MDE stæði óhaggaður, þá gætu aðildarríki nýtt hann sem fordæmi fyrir því að réttlæta algera sviptingu mannréttinda sakborninga á fyrsta dómstigi og í miklu alvarlegri sakamáli en þeim sem varða réttarfarssektir lögmanna: „Ef dómur undirdeildarinnar væri staðfestur myndi það grafa með alvarlegum hætti undan réttindum sakborninga, a.m.k. á fyrsta dómstigi, í aðildarríkjum sáttmálans. Þannig að ég held að málið gæti haft grundvallaráhrif á vernd mannréttinda í Evrópu, a.m.k. eins og ég sé það“. Hann tekur þó fram að yfirdeildin gæti auðvitað verið að velta fyrir sér öðrum flötum á málinu, en þeim sem honum finnast mikilvægastir. Það verði bara að bíða eftir dómi og sjá hvað verður.

#### Víðari skírskotun?

Geir telur að málið hafi tvímælalaust víðari skírskotun. Það sé eitt af skilyrðunum fyrir því að mál séu tekin fyrir af yfirdeildinni að þau sé til þess fallin að hafa áhrif á túlkun sáttmálans almennt. „Hvað varðar áhrif á Íslandi, þá vil ég benda á að dómur Hæstaréttar í máli Gestis og Ragnars hefur þegar haft neikvæð áhrif á vernd mannréttinda. Í máli ákærvaldsins gegn Stefáni Karli Kristjánssyni, lögmanni, sem einnig snerist um álagningu réttarfarssektar, var t.d. talið að það hefði verið heimilt að svipta lögmanninn öllum réttindum til að bera hönd fyrir höfuð sér í héraði af þeirri ástæðu einni að hann hafði rétt til að áfrýja sakfellingardómi sínum til Hæstaréttar“. Geir bendir á að vísað var til dómsins í máli Gestis og Ragnars til stuðnings þessari niðurstöðu. „Það virðist þannig vera komin dómvenja hjá Hæstarétti fyrir því að heimilt sé að svipta sakborninga, eða a.m.k.

lögmann, öllum réttindum á lægri dómstigi, svo lengi sem þeir fá rétt til áfrýjunar. Það eru ekki góð tíðindi fyrir vernd mannréttinda á Íslandi“.

Geir bendir á að það sé mjög mikilvægt fyrir sjálfstæða og öflugan lögmannsstétt, að lögmann fái að verja sig áður en þeir séu sektaðir af dómstólum: „Ég minni á að það er engin hámarksfjárhæð á réttarfarssektum gagnvart lögmönnum samkvæmt íslenskum lögum. Ótakmörkuð sektarheimild dómstóla gagnvart lögmönnum og ótakmörkuð heimild dómstóla til að svipta lögmann öllum réttindum á fyrsta dómstigi til að verja sig áður en sekt er lögð á, er afar hættuleg blanda“.

[Arna Pálsdóttir, lögmaður](#)

## *Lúðvík Emil Kaaber*

*Lögfræðingur og löggiltur skjalapýðandi í íslensku og ensku*

*Klukkulandi, 471 Þingeyri*

*Löng reynsla af þýðingum á réttarskjölum, samningum og greinargerðum fyrir lögmann, fyrirtæki og opinberar stofnanir. Lögfræðimenntun og reynsla af lögmannstörfum.*

*Símar 553 3389 og 861 8304. Netfang: lucius@simnet.is*



# VERIÐ VELKOMIN Á BÓKASAFNIÐ

Lögmannafélag Íslands hefur rekið bókasafn með formlegum hætti frá árinu 1991 þótt fyrstu vísar að safni séu mun eldri eða frá 1960. Bókasafnið þjónustar félagsmenn með aðgengi að bókum og tímaritum um lögfræði auk þess að bjóða uppá rafræna áskrift að Karnov og blaðaáskrift að UFR. Safnið er tengt bókasafnskerfinu Gegni sem hýsir samskrá íslenskra bókasafna en bækur eru einungis til notkunar á staðnum.

Á safninu er ágæt aðstaða fyrir lögmenn til að vinna að undirbúningi fyrir réttarhöld og fá frið frá síma og daglegu amstri. Vinnuaðstaða með skrifborði er fyrir fjóra auk þess sem hægt er að nýta annað rými á safninu.

Bókasafnið er opið á skrifstofutíma virka daga (frá kl. 9-17 á veturna og kl. 8-16 á sumrin). Hægt er að fá lánaðan lykil af safninu í tvo daga eða yfir helgi fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma.



# Gleðileg jól, farsælt komandi ár

**LOGOS**

Reykjavík · London

 **FULLTINGI**



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVIK UNIVERSITY

 **KVIKA**



LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

**LMB | MANDAT**  
LÖGMANNSTOFA | LEGAL SERVICES

 **LÖGMANNSHLIÐ**  
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA  
GLERÁRGÖTU 36 · 600 AKUREYRI · Sími 466 2700 · Netfang: LH@LOGMANNSHLID.IS  
SIGMUNDUR GUBMUNDSSON HDL · INGVAR ÞÓRODDSSON HRL.

**LIT ehf.**

Ingi Tryggvason hrl.

**FORTIS**  
Lögmannsstofa

BBA // FJELDCO

LÖGMENN | LÆKJARGÖTU



 **Mörkin lögmannsstofa hf.**  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · [www.law.is](http://www.law.is)

# Gleðileg jól, farsælt komandi ár

## REYKJAVÍK

### NORDIK lögfræðipjónusta

Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík

### Vík Lögmannsstofa ehf

Laugaveg 77  
101 Reykjavík

### LAG lögmen sf

Ingólfsstræti 5  
101 Reykjavík

### Háskóli Íslands

Sæmundargötu 2  
101 Reykjavík

### KG lögmen síf

Tungötu 14  
101 Reykjavík

### Bonafide lög. Ráðgjöf sf

Klapparstíg 25 - 27  
101 Reykjavík

### Íslög - lögmannsstofa

Ránargötu 18  
101 Reykjavík

### Bótaréttur lögmannsstofa

Kringlunni 7  
103 Reykjavík

### LOG lögmannsstofa sf

Kringlunni 7  
103 Reykjavík

### Íslenska Lögfræðistofan

Kringlunni 4 - 12  
103 Reykjavík

### Arctica Finance hf

Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

### Lex ehf

Borgartúni 26  
105 Reykjavík

### Draupnir lögmannsþj. ehf

Laugaveg 182  
105 Reykjavík

### Veritas lögmen

Borgartúni 28  
105 Reykjavík

### Ingvar Sveinbjörnsson hrl

Granaskjólí 90  
107 Reykjavík

### Sigurður I Halldórsson hdl

Síðumúla13  
108 Reykjavík

### Lausnir Lögmannsstofa sf

Suðurlandsbraut 52  
108 Reykjavík

### Juralis lög. & ráðgjafarst.

Suðurlandsbraut 20  
108 Reykjavík

### E.Sigurjónsson lög. st. ehf

Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

### Sigurjónsson & Thor ehf

Lágmúla 7  
108 Reykjavík

### ÓK Lögmen slf

Gufunesvegi  
112 Reykjavík

### ÁH lögmen slf

Vættarborgum 144  
112 Reykjavík

### Lögfr.þj. Sigurðar Sigurjónss

Pósthólf 85552  
128 Reykjavík

## KÓPAVOGUR

### Lög. st Guðmundar Þórðars

Stórihjalla 11  
200 Kópavogi

## HAFNARFJÖRDUR

### Lögmen Thorsplani sf

Fjarðargötu 11  
220 Hafnarfirði

## STYKKISHÓLMUR

### Málflutningsstofa Snæfellsness

Aðalgötu 24  
340 Stykkishólmi



ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®


## NÁMSKEIÐ TIL ÖFLUNAR RÉTTINDA TIL MÁLFLUTNINGS FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM



Frá útskrift 15. nóvember 2019. Frá vinstri: Guðmundur Narfi Magnússon, Fjölur Ólafsson, Ýr Sigurðardóttir, Kjartan Ragnars, Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, Kristján Jónsson, Hulda Björg Jónsdóttir, Jóhanna Edwald, Stefán Örn Stefánsson og Ingunn Ósk Magnúsdóttir.

# ÓVENJU FÁMENN ÚTSKRIFT

Þann 15. nóvember sl. fór fram útskrift af námskeiði til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum, en um var að ræða síðara réttindanámskeið ársins 2019. Nokkuð fleiri nýskráðir þátttakendur þreyttu fyrri hluta prófraunarinnar að þessu sinni borið saman við síðustu ár eða 29 talsins. Hins vegar luku aðeins 7 þeirra prófum með fullnægjandi árangri eða 24,1%.



Grafið sýnir kynjahlutfall útskrifaðra þátttakenda á námskeiði til öflunar málflutningsréttinda á árabílinu 2000 – 2019.

Þá stóðust aðeins 4 þeirra 11 þátttakenda af fyrri námskeiðum sem ekki höfðu lokið fyrri hluta þess með fullnægjandi hætti, prófi að þessu sinni eða 36,4%. Allir þeir 10 þátttakendur sem skráðir voru á síðari hluta námskeiðsins, 5 konur og 5 karlar, luku þeim hluta með fullnægjandi árangri.

Á fyrra réttindanámskeiði ársins 2019 útskrifuðust 27 þátttakendur – 13 karlar og 14 konur. Alls hafa því 37 lögfræðingar lokið prófraun til öflunar réttinda til málflutnings fyrir héraðsdómstólum á árinu 2019, 19 konur og 18 karlar.

Kynjahlutfall þeirra 1.116 lögfræðinga sem lokið hafa námskeiði til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum frá því núgildandi kerfi komst á árið 2000, er tiltölulega jafnt, en alls hefur 601 karl lokið réttindanámskeiðinu eða 53,9% á móti 515 konum sem svarar til 46,1%.

[Ingimar Ingason](#)



## HÁKON ÁRNASON MINNINGARORÐ

Það var seint í desember á því herrans ári 1999 sem við sátum tíu lögmenn við fundarborð eitt í Reykjavík og skrifuðum undir samning um samruna tveggja lögmansstofa. Úr þessu varð LOGOS lögmansþjónusta sem hóf starfsemi 17. janúar 2000 og hefur dafnað ágætlega fyrir tilstilli samstilltra eigenda og starfsmanna. Þetta voru tíu karlar á aldrinum 32 ára til 64 ára, ef mér skjátlást ekki, sem sátu við borðið. Hann var annar frá vinstri handan borðsins frá mér séð hann Hákón Árnason sem hér er minnst. Hann var á þessum tíma næst elstur í hópnum, sextugur að aldri. Hákón var maður norðlenskur, ættaður úr Svarfaðardal í föðurætt og af Árskógsströnd í móðurætt. Hann var laglegur maður, með ljóst hár og síðar grátt, grannvaxinn og fíngerður. Hann var yfirvegaður og hógvær með eindæmum, en undir niðri kraumaði kímni gáfa sem hann fór sparlega með. Hann gat verið harður í horn að taka ef á þurfti að halda, en oftast en ekki leiddi hann mál sín til lykta af rökvisi. Sjálfur hafði ég átt nokkur samskipti við Hákón er hér var komið við sögu og hafði m.a. flutt dómsmál á móti honum. Hann var frábær málflytjandi sem hélt vel athygli þeirra sem á hann hlustuðu. Hann greindi sakarefni hvers máls af mikilli kostgæfni. Hann vandaði mál sitt og það sem hann sagði skipti máli. Þess vegna voru honum falin mörg vandasöm verkefni á starfsævinni. Hann var góð fyrirmynd.

Hákón Árnason fæddist á Stóru-Hámundarstöðum í Eyjafirði 5. júní 1939. Hann lést á heimili sínu í Reykjavík 24. október 2019. Hann var kvæntur Berthu Stefaníu

Sigtryggisdóttur, kennara. Þau eignuðust þrjú mannvænleg börn og barnabarnabörnin eru orðin átta talsins. Hákón lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1960 og kandidateisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1966. Að loknu prófi sneri hann sér strax að málflytningsstörfum, varð héraðsdómslögmaður 1966 og hæstaréttarlögmaður 1972. Hann var óslitið við málflytningsstörf þar til á síðasta ári að hann neyddist til að draga sig í hlé vegna heilsubreysts. Hákón sat tvívegis í stjórn LMFÍ 1977-1979 og 1986-1989. Hann var formaður félagsins 1988-1989 og gerður var hann að heiðursfélaga árið 2011. Stjórnvöld fólu honum ýmis trúnaðarstörf og hann var prófdómari og stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands um langt skeið. Þá veitti hann leiðsögn í mörg ár um munnlegan málflytning á námskeiðum til öflunar málflytningsréttinda fyrir héraðsdómi.

Málflytningsstörfin fóru Hákoni vel og vel fór á með honum og samferðafólki. Svo sem hér hefur verið rakið starfaði hann sem málflytjandi í rúmlega hálfra öld og ætla má að fjöldi þeirra dómsmála sem hann kom að séu vel á annað þúsund. Hann var mjög vel að sér á mörgum fræðasviðum lögfræðinnar, en hans sérsvið voru skaðabóta- og váttryggingaréttur. Það var ómetanlegt fyrir okkur samstarfsmenn hans á LOGOS að geta leitað til hans um margvísleg álitaefni, ekki síst varðandi réttarfar. Dyrnar á skrifstofu hans stóðu ávalt opnar og hann virtist alltaf hafa tíma til þess að setja sig inní faglegar raunir okkar félaga sinna. Oftast gekk maður af fundi hans margs vísari. Ef ekki tókst að finna réttu leiðina þann daginn átti hann það til að dúkka upp hjá manni eða hringja skömmu síðar, þá kominn með það sem hann taldi rétt að leggja til mála.

Hann tók virkan þátt í hvers kyns viðburðum með samstarfsfólki og kom okkur flestum á óvart er hann í fyrsta



sinn sýndi hæfileika sína sem gamanleikari í stuttmynd sem sýnd var á árshátíð okkar fyrir allmörgum árum. Þennan leik endurtók hann síðan árlega og eftir á að hyggja held ég að grínið hjá honum hafi falið í því að gera góðlátlegt grín að sjálfum sér. Karakterinn sem hann lék hét bara Hákon. Að leiðarlokum vil ég þakka Hákonni samfylgdina. Stærsta sameiginlega samverustund okkar var er við stóðum sem

svaramenn í brúðkaupi dóttur minnar og sonar hans árið 2010. Saman eigum við þrjá afastráka sem eiga eftir að sakna afa Hákonar eins og við öll.

Blessuð sé minning málflytjandans Hákonar Árnasonar.

Árni Vilhjálmsson

## HINSTA KVEÐJA

Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður lést hinn 24. október sl. Hákon fæddist hinn 5. júní 1939 og var því 80 ára er hann lést. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 1977-1979 og 1986-1989, þar af sem formaður 1988-1989. Hákon naut ávallt mikillar virðingar innan félagsins og var kjörinn heiðursfélagi Lögmannafélags Íslands árið 2011. Þá var hann góð fyrirmynd annarra lögmannna, jafnt í lögmannsstörfum sínum sem og í góðum lögmannsháttum. Hákon Árnason átti langan og glæsilegan starfsferil og

þótti einn af allra bestu málflytjendum hér á landi síðustu áratuginna. Lögmannafélag Íslands þakkar samfylgdina í gegnum árin og sendir sínar innilegustu samúðarkveðjur til eiginkonu, barna og barnabarna. Blessuð sé minning Hákonar Árnasonar.

F.h. Lögmannafélags Íslands  
Berglind Svavarsdóttir

*Gledileg jól*

*Ásar – þýðingar og túlkun slf*

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda  
*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi  
Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi  
Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi  
Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi  
Matthías M. Kristiansen, býðandi  
Gísli S. Ásgeirsson, býðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

*Ásar – þýðingar og túlkun slf* » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)

# ER FJÖLDI DÓMA MDE Í MÁLUM GEGN ÍSLANDI ÁHYGGJUEFNI?

DÓMAR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLS EVRÓPU GEGN ÍSLANDI HAFA VERIÐ Í SVIÐSLJÓSINU OG UNANFARIN MISSERI HEFUR ÞAÐ VAKIÐ ATHYGLI HVERSU MARGAR KÆRUR BERAST FRÁ ÍSLANDI ENDA ER NÚ SVO KOMIÐ AÐ DÓMSTÓLNUM MUN BERAST FLEIRI KÆRUR FRÁ ÍSLANDI Í ÁR EN FRÁ ÖLLUM HINUM NORÐURLÖNDUNUM

Til þess að ræða þetta stóðu Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands fyrir hádegisverðarfundum um efnið þann 13. nóvember sl. Fanney Birna Jónsdóttir lögfræðingur og blaðamaður stýrði fundinum og Reimar Pétursson lögmaður og Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari voru með framsöguverindum.

## Hlutverk Mannréttindadómstólsins

Reimar Pétursson tók fyrstur til máls og sagði vernd mannréttinda í nútímasamfélagi oft vera vandasama og ekki síst fyrir dómstóla. Hlutverk dómstóla sé að gæta þess að ekki sé gengið um of á rétt einstaklingsins í þágu heildarinnar. Niðurstaðan um hvað séu mannréttindi ræðst af vísireglum sem mæla fyrir um að gæta skuli réttlætis við meðferð mála og að frelsi einstaklingsins sé ekki heft umfram það sem nauðsyn krefur í lýðræðislegu samfélagi. Oft er deilt um hvernig eigi að beita þessum matskenndu vísireglum en Mannréttindadómstóllinn hefur það hlutverk að skýra

reglurnar og eiga lokaorðið. Störf MDE séu mikilvæg og brýn en þrátt fyrir það er vinsælt í okkar samfélagi að gagnrýna dómstólinn og tala hann niður. Gagnrýnin beinist þá fyrst og fremst að því þegar áherslubreytingar og leiðréttingar eiga sér stað hjá dómstólnum. Breytingar og leiðréttingar eru hins vegar fullkomlega eðlilegar að mati Reimars og hluti af eðli dómstarfsins.

## Verkaskipting milli löggjafans og dómvaldsins

Reimar sagði að áður fyrr hafi verið lagt til grundvallar að íslensk lög tryggji þau réttindi sem koma fram í Mannréttindasáttmálanum. Slík viðhorf eigi hins vegar ekki við í dag. Íslensk löggjöf sé flókin og umfangsmikil og engin trygging fyrir því að hún samrýmist MDE í öllum tilvikum. Þessi viðhorf lifi þó mögulega að vissu leyti enn. Til séu dæmi þar sem íslenskir dómstólar virðast nánast gagnálykta frá settum lögum á þann veg að hafi löggjafinn ekki mælt fyrir um tilskilin mannréttindi í lagatexta að þá séu þau ekki til. Þetta sé óheppilegt og geti leitt til þess að mannréttindi séu kerfisbundið skilgreind ríkinu í hag og einstaklingnum í óhag, sem geti svo aftur leitt af sér mikinn fjölda kvartana til MDE. Sé stuðst við þetta verði afleiðingin sú að löggjafinn skilgreini mannréttindi en ekki dómstólar.

Reimar sagði þessa sýn um hlutverk dómvaldsins óhóflega þrönga. Í nútímasamfélagi sé það óraunhæft að ætla löggjafanum að skilgreina þetta í öllum tilvikum. Það muni alltaf koma upp deilumál um hvernig eigi að skilgreina mannréttindi. Löggjafinn eigi ekki að skera úr slíkum deilumálum heldur dómvaldið. Dómstólar geta ekki vísað deilumálum til löggjafans, heldur verða þeir að skera úr. Að öðrum kosti verður mannréttindavernd síður raunhæf.



Fanney Birna Jónsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Reimar Pétursson.

Það er niðurstaða Reimars að dómstólar megi mjög gjarnan huga að hlutverki sínu við vernd mannréttinda.

#### Mikil fjölgun íslenskra dómsmála fyrir MDE

Kjartan Bjarni Björgvinsson tók næstur til máls og sagði alltaf ástæðu til þess að hafa áhyggjur af fjölda dómsmála frá Íslandi fyrir Mannréttindadómstólnum, óháð fjölda málanna. Mannréttindi væru grundvallargildi í réttarkerfinu og samfélaginu öllu og því væri eðlilegt að gera ríkar kröfur til þess hvernig dómstólar leystu úr álitefnum sem tengdust Mannréttinasáttmála Evrópu.

Í erindi sínu fór Kjartan yfir tölfræði frá árunum 2009-2018, með ákveðnum fyrirvörum, enda væru þessar upplýsingar ekki alltaf aðgengilegar og skýrar. Á þessu tíu ára tímabili hafa 236 kærur borist frá Íslandi, 167 hafa verið samþykktar og teknar til efnismeðferðar, 21 efnisdómur hefur fallið og 15 áfellingisdómar. Á árunum 2009-2013 var allt með nokkuð kyrrum kjörum og Ísland töluvert á eftir hinum Norðurlöndunum í fjölda innsendra kæra. Á árunum 2014 og 2015 hafi innsendum kærum frá Íslandi þó byrjað að fjölga hratt og árið 2018 hafi Mannréttindadómstóllinn skráð 51 nýtt mál frá Íslandi sem gerir Ísland langhæst allra Norðurlandanna miðað við útgefna tölfræði dómstólsins. Það sem af er árinu 2019 bíður 71 kæra afgreiðslu (bráðabirgðatölur).

#### Hvaða ráðstafana er hægt að grípa til?

Kjartan Bjarni sagði þennan mikla fjölda að miklu leyti skýrast af kerfislægum vandamálum, þar sem eitt tiltekið mál leiðir til ítrekaðra mála fyrir Mannréttindadómstólum. Ágætt dæmi um slíkt birtist í fjölda málum fyrir Mann-

---

Á ÁRUNUM 2014 OG 2015 HAFI INNSENDUM  
KÆRUM FRÁ ÍSLANDI ÞÓ BYRJAÐ AÐ FJÖLGA  
HRATT OG ÁRIÐ 2018 HAFI  
MANNRÉTTINDADÓMSTÓLLINN SKRÁÐ 51 NÝTT  
MÁL FRÁ ÍSLANDI SEM GERIR ÍSLAND  
LANGHÆST ALLRA NORÐURLANDANNA...

---

réttindadómstólnum sem öll tengjast ágreiningi um skipun dómara við Landsrätt og yfirdeild dómstólsins mun fjalla um í febrúar í máli Guðmundar Ástráðssonar gegn íslenska ríkinu. Þá megi rekja fjölda áfellingisdóma á hendur ríkinu í tjáningarfrelismálum að nokkru leyti til lögbundins fyrirkomulags og dóma Hæstaréttar um ábyrgð blaðamanna á ummælum viðmælenda sem nú hefur verið horfið frá. Loks virðist fjöldi mála sem tengist efnahagsbrotum að nokkru leyti lúta að álitafnum um hæfi dómara.

Kjartan sagði að það færi eftir aðstæðum hverju sinni hvort íslenskir dómstólar gætu sjálfir brugðist við vanda sem skapaðist í réttarkerfinu í tengslum við beitingu Mannréttinasáttmálans. Þegar um væri að ræða álitamál um hæfi dómara til að sitja í málum og nýja dóma frá Mannréttindadómstólnum þar sem hugsanlega væru gerðar ríkari kröfur en áður þekktust væri þetta tiltölulega auðvelt: Þá gætu íslenskir dómstólar einfaldlega tekið strax mið af þessum dómum við túlkun matskenndra hæfisreglna íslenskrar réttarfarslöggjafar. Í öðrum málum væri þetta hins vegar flóknara, eins og í málum sem lúta að tvöfaldri

refsingu í skattamálum. Í slíkum málum gæti jafnvel verið þörf á aðkomu löggjafans til að tryggja að réttur manna samkvæmt viðaukum við Mannréttindasáttmálann næði fram að ganga. Það hefði t.d. verið gert með stofnun Landsréttar en með því væri viðbúið að íslensk mál um skort á milliliðalausri málsmeðferð í sakamálum á áfrýjunarstigi yrðu brátt úr sögunni í Strassborg, þótt önnur mál hafi illu heilli komið í staðinn. Góðu fréttirnar væru hins vegar þær að með breyttum starfsaðstæðum Hæstaréttar gæfist aukið tóm til að fjalla á ítarlegri og vandaðri hátt um álitafni

á sviði mannréttinda og fyrstu merki bentu ótvírætt til að sú yrði raunin, sbr. dóm Hæstaréttar í svokölluðu Stundarmáli.

Eftir framsöguerindin sköpuðust líflegar umræður meðal þátttakenda og fundargesta.

[Anna Lilja Hallgrímsdóttir](#)

## PARKANDFLY

# Ert þú að fara til **útlanda**?

Við sjáum um **Bílinn** þinn á meðan

- Bílageymsla inni & úti
- Alþrif & Bón



# FARIÐ FRAM Á NIÐURFELLINGU MÁLFLUTNINGSRÉTTINDA NÍU LÖGMANNA

Þann 1. október sl. áttu allir sjálfstætt starfandi lögmenn að hafa skilað Lögmannafélaginu fullnægjandi yfirlýsingum vegna fjárvörslureikninga og verðbréfaskrár ársins 2018, staðfestri af löggiltum endurskoðanda á grundvelli 1. mgr. 23. gr. lögmannalaga nr. 77/1998. Þrátt fyrir að skil þessara yfirlýsinga hafi almennt verið góð, þurfti stjórn félagsins á grundvelli 4. mgr. 13. gr. framangreindra laga, að leggja til við embætti sýslumannsins á Norðurlandi-eystra niðurfellingu málflutningsréttinda 9 lögmanna. Þeir höfðu ekki skilað

fullnægjandi yfirlýsingum þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu skal sýslumaður taka rökstudda afstöðu til tillögu stjórnar félagsins innan tveggja mánaða.

## Góð þjónusta um land allt



Fjöldi leigustöðva um land allt tryggir þér úrvals þjónustu árið um kring. Við bjóðum mikið úrval nýrra, sparneytinna og vel útbúinna bíla.



Þínar þafir - okkar þjónusta



Bílaleigubílar heima og erlendis  
Aðalnúmer 461 6000 • [www.holdur.is](http://www.holdur.is)

# GOLFMÓTIÐ 2019

Meistaramót Lögmannafélags Íslands í golfi 2019 var haldið föstudaginn 13. september á Grafarholtsvelli Golfklúbbs Reykjavíkur. Spilaðar voru 18 holur að venju og keppt með og án forgjafar. Sigurvegari með forgjöf telst meistari LMFÍ. Veðurspá var slæm en úr rættist og spilað við ágæt veðurskilyrði á frábærum Grafarholtsvelli. LMFÍ þakkar Golfklúbbi Reykjavíkur fyrir sinn þátt. Meistari LMFÍ þetta árið var Gísli G. Hall, en úrslit voru nánar tiltekið eftirfarandi:

## Án forgjafar:

- |    |                           |         |
|----|---------------------------|---------|
| 1. | Gísli G. Hall             | 72 högg |
| 2. | Gestur Gunnarsson         | 81 högg |
| 3. | Jóhannes Bjarni Björnsson | 84 högg |

## Með forgjöf:

- |       |                           |         |
|-------|---------------------------|---------|
| 1.    | Gísli G. Hall             | 67 högg |
| 2.    | Jóhannes Bjarni Björnsson | 71 högg |
| 3.-5. | Egill Þorvarðarson        | 76 högg |
|       | Gestur Gunnarsson         | 76 högg |
|       | Ragnar Jónasson           | 76 högg |



Gísli G. Hall og Gestur Jónsson.

An advertisement for Litla &amp; prent. The top half of the ad shows a close-up of a printer's rollers feeding a stack of blue and white printed documents. Below this image are three circular icons: an orange circle with a computer monitor icon labeled 'FORVINNSLA', a blue circle with a stylized 'R' icon labeled 'PRENTUN', and an orange circle with a cube icon labeled 'FRÁGANGUR'. To the right of these icons is the company logo 'Litla &amp; prent' in a bold, black, sans-serif font, with a stylized blue and white graphic element between the words. To the far right is a green circular icon with white diagonal lines.

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

### Björgvin Halldór Björnsson

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Sími: 515-7415

### Svanhvít Axelsdóttir

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, Sími: 540-0300

### Sveinn Jónatansson

Jónatansson & Co., Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, Sími: 533-3434

### Skúli Sveinsson

Lögvernd ehf., Ármúla 15, 108 Reykjavík, Sími: 588-1040

### Þorsteinn Ingi Valdimarsson

Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Sími: 444-7000

### Guðrún Bergsteinsdóttir

Local lögmann, Kringlunni 7., 8. hæð, 103 Reykjavík, Sími: 5279700

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

### Jóhanna Edwald

FMC Agricultural Solutions A/S, Genvej 2, 2970 Horsholm, Danmörk

### Helgi Þorsteinsson

Norval lögmannsstofa, Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík, Sími: 868-2991

### Kristján Jónsson

LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 105 Reykjavík, Sími: 540-0346

### Guðmundur Narfi Magnússon

Norðdahl og Valdimarsson, Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík, Sími: 537-3100

## ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

### Þorsteinn Júlíus Árnason

PACTA lögmann / Lögheimtan, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík,  
Sími: 440-7900

### Védís Eva Guðmundsdóttir

Mörkin lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, Sími: 414-4100

## NÝR VINNUSTADUR

### Ásgeir Jónsson

Löggarður ehf., Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík, Sími: 568-1636

### Ingi Snær Einarsson

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Sími: 515-7400

### Páll Bergþórsson

### Þorgeir Þorgeirsson

### Grímur Már Þórólfsson

Lögmann Sundagörðum, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, Sími: 527-7788

### Þuríður B. Sigurjónsdóttir

Lögmann Sundagörðum, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, Sími: 537-7788

### Sigurður Kári Tryggvason

Landsbankinn, Austurstræti 11, 101 Reykjavík, Sími: 410-4000

### Þróstur Þór Guðmundsson

Guðmundsson legal ehf., Bollagörðum 19, 170 Seltjarnarnes,  
Sími: 856-6135

### Anna Kristín Kristjánsdóttir

MAGNA lögmann ehf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, Sími: 856-6205

### Friðrik Ársælsson

Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Sími: 444-7000

### Sölvi Sölvason

BBA Fjeldco, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Sími: 550-0530

### Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir

Embætti ríkislögmanns, Hverfisgötu 4-6, 101 Reykjavík  
Sími: 545-8490

### Daði Ólafur Eliásson

Kvika banki hf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, Sími: 540-3200

## NÝTT AÐSETUR

### Stefán Ragnarsson

SR Legal slf., Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík, Sími: 822-1925

### Anna Linda Bjarnadóttir

Lexista ehf., Hafnartorgi, Kalkofnsvegi 2, 3. hæð, 101 Reykjavík  
777-6880

### Andrés Már Magnússon

Prima lögmann, Strandögtu 29-31, 600 Akureyri, Sími: 461-2098

### Elín Árnadóttir

### Árni Freyr Árnason

Kjarni lögmannsstofa, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Sími: 461-2098

### Guðmundur Njáll Guðmundsson

GNG lögmannsþjónusta, Ármúla 6, 108 Reykjavík, Sími: 663-8698

### Þróstur Þór Guðmundsson

Guðmundsson legal ehf., Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík,  
Sími: 856-6135

### Arnar Ingi Ingvarsson

### Arnar Þór Sæþórsson

### Ásta Kristjánsdóttir

### Ívar Þór Jóhannsson

### Sigmundur Hannesson

CATO lögmann, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, Sími: 595-4550

Skráning á grundvelli reglugerðar nr. 241/2018



# REXTON

# JEPPI ÁRSINS 2020

Samkvæmt Bandalagi íslenskra bílblaðamanna



Birt með fyrirvara um mynd- og textabreygð. \*Tilboðis gildir út árið 2019.

Tilboðsverð: **6.690.000 kr.\***  
Verð áður: 6.990.000 kr.

+ JEPPI ÁRSINS 2018 + BESTU KAUPIN 2019 + „OFFROAD-BÍLL“ ÁRSINS 2018 + JEPPI ÁRSINS 2020

Hinn margverðlaunaði SsangYong Rexton hefur hlotið fádæma góðar viðtökur hérlandis sem erlendis. Við hjá Bílabúð Benna erum afar stolt af öllum viðurkenningunum, sem eru staðfesting á því að ekkert er ofmælt um þennan magnaða jeppa.

Hér má sjá brot úr nokkrum blaðadómum bílagagnrýnenda sem hafa reynsluikið Rexton:

„Frábærlega vel búinn bíll með ógnarmikið rými, hlaðinn búnaði og með flotta innréttingu.“  
**Finnur Thorlacius – Fréttablaðið**

„Ökutæki sem er hlaðið búnaði, meiri búnaði en hægt er að telja upp og ég hef það á tilfinningunni að það vanti nánast ekki neitt. Bíllinn er með flottar innréttingar og er eins og hugur manns í akstri.“  
**Jóhannes Reykdal – Bíllinn.is**

„Bíllinn var svo skemmtilegur að litli rúnturinn endaði í 300 km.“  
**Hjörtur L. Jónsson – Bændablaðið**

„Yfirdrifið pláss er fyrir ökumann og farþega og yfirbragðið og efnisvalið innandyra allt eins og í mun dýrara farartæki.“  
**Sigríður Vilhjálmstöttir – Morgunblaðið**

\*Tilboðsverð miðast við beinskiptan Rexton LX og gildir út árið 2019.  
Nánari upplýsingar um verð og búnað á benni.is



**JEPPI ÁRSINS**  
BANDALAG ÍSLENSKRA  
BÍLABLAÐAMANNA

**4x4**  
OF THE YEAR

AWARDED BY  
4X4 MAGAZINE

**(5)**

Fimm ára  
ábyrgð

**benni.is**

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

Reykjavík  
Krókháls 9  
Sími: 590 2020

**Bílabúð**  
**Benna**  
Sérfræðingar í bílum